

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2345  
komudagur 10.5.2011

Menntamálanefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Fornleifafræðingafélags Íslands (FFÍ) um frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands, mál nr. 648.**

Fornleifafræðingafélag Íslands (FFÍ) gerir athugasemd við frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands, mál nr. 648. Þessi athugasemd tengist að einhverju leyti umsögn félagsins um 40. grein laga um menningarminjar, mál nr. 651.

3. grein laga um Þjóðminjasafn Íslands, liður b.

b. taka við og varðveita fornmuni, sýni og önnur rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum,

Fornleifafræðingafélag Íslands gerir þá athugasemd við 3. grein laganna að þar sem Þjóðminjasafn Íslands á að varðveita rannsóknargögn úr fornleifarannsóknum verður að tryggja að skjalavarsla og varðveisla rafrænna gagna sé viðunandi í Þjóðminjasafninu og að rannsakendum verði tryggt aðgengi að þessum gögnum eftir að þeim er skilað.


Þegar 40. grein laga um menningarminjar er höfð til hliðsjónar má sjá að öllum gripum eigi að skila inn til Þjóðminjasafnsins innan árs frá fundi þeirra. Í athugasemdum meðfylgjandi lögum um Þjóðminjasafn er 3. greinin skýrð með þeim hætti að með þessu ákvæði sé verið að tryggja að allir gripir sem finnast við fornleifarannsóknir skili sér inn til safnsins sem muni sjá um nauðsynlega forvörslu á þeim.

FFÍ telur að hér sé Þjóðminjasafni Íslands veitt einkaleyfi á forvörslu gripa úr fornleifarannsóknum sem ekki einungis eykur kostnað safnsins heldur skerðir einnig atvinnufrelsi sjálfstætt starfandi forvarða á Íslandi. Í athugasemdum við ákvæðið segir einnig að aukinn kostnaður vegna þessa sé óverulegur þar sem fornleifarannsóknir séu flestar unnar fyrir styrki úr ríkissjóði. Ekki virðist hér vera tekið tillit til framkvæmdarannsókna, þ.e. rannsókna sem unnar eru vegna vegagerðar, byggingaframkvæmda, virkjana o.s.frv., en á sl. árum hefur um og yfir helmingur allra fornleifarannsókna á Íslandi verið framkvæmdarannsóknir. Hingað til hefur forvarsla á gripum úr slíkum rannsóknum verið greidd af framkvæmdaaðilum en með þessu ákvæði

Í lögum um Þjóðminjasafnið myndi sá kostnaður væntanlega greiðast úr ríkissjóði. Ljóst er því að þessi tilhögun er ekki ásættanleg fyrir nokkurn aðila.

Samþykkt á almennum félagsfundi, Reykjavík 02. maí 2011.

F.h. Fornleifafræðingafélags Íslands,



Sindri Ellertsson Csillag

formaður